

121. fundur skráningarráðs haldinn 18. desember 2019 kl. 13-15 í húsakynnum Landskerfis bókasafna

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sat fundinn Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis. Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar - yfirfarin og samþykkt

2. Material types

Skjal frá Hallfríði um efnistegundir í Sierra var skoðað, það verður sent til Monicu til vinnslu.

3. Sierra

Fundarmenn höfðu skoðað færslur í Sierra og skoðuðu saman. Rætt um birtingu, hvaða atriði birtast í stuttum færslum. Óþarfi að birta staðsetningar (söfn) og fleiri atriði. Mismunandi hvort svið 240 eða 245 er feitletrað og með stærra letri eftir því hvort leitað er eftir titli eða lykilorði (keywords). Í birtingu fullrar færslu þarf að færa eintök niður fyrir texta færslunnar. Ekki má skipta orðum milli lína í útdráttum (520 8). Fleiri atriði þarf að skoða og verður það gert fyrir næsta fund.

4. Bréf frá Library of Congress

Svar hefur borist vegna fyrirspurnar um deilisvið í íslenskum mannanöfnum. Deilisvið 1 og 7 hafa verið tekin fyrir önnur atriði en í svari Library of Congress er bent á aðrar lausnir, t.d. deilisvið j og u. Farið verður betur yfir málið.

5. Önnur mál

Eyðing eintakalausra færslna. Mjög margar bókfræðifærslur í Gegni eru án eintaka, mikilvægt er að eyða þeim úr kerfinu áður en til flutnings í Sierra kemur. Áþ beinir því til gæðahóps Gegnis að skoða með hvaða hætti er hægt að finna þessar færslur með auðveldum hætti og eyða þeim.

Næsti fundur er áætlaður síðari hluta janúar 2020